
Stefna og framkvæmdaáætlun Mosfellsbæjar í barnaverndarmálum

2018-2022

Fjölskyldusvið Mosfellsbæjar



Stefna og framkvæmdaáætlun Mosfellsbæjar í barnaverndarmálum 2018-2022

Stefna og áætlun þessi er sett fram skv. 9. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002

Leiðarljós

Stefna og framtíðarsýn Mosfellsbæjar er að veita þjónustu sem mætir þörfum, vera til staðar fyrir fólk og þróa samfélagið í rétta átt.

Gildi Mosfellsbæjar eru virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja. Með það í huga er það leiðarljós Mosfellsbæjar í þessum málum að stuðla að því að börn í Mosfellsbæ búi við viðunandi uppeldisaðstæður þar sem þau njóti virðingar og umhyggju, og velfarnaðar þeirra er gætt í hvívetna. Þá skal þess gætt að ákvæði barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna séu höfð að leiðarljósi í barnaverndarstarfi.

Markmið

Markmið stefnu Mosfellsbæjar í barnaverndarmálum er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Leitast skal við að ná markmiðum laganna með því að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við. Það skal gert með:

- Eftirliti með einstökum börnum þar sem starfsmenn fjölskyldusviðs kanni aðbúnað, háttarni og uppeldisskilyrði barna í kjölfar tilkynningar á grundvelli barnaverndarlaga. Þeir meti sem fyrst þarfir þeirra sem ætla má að búi við óviðunandi aðstæður, sæti illri meðferð eða eigi í alvarlegum félagslegum erfiðleikum.
- Úrræðum í samræmi við löginn sem best eru til þess fallin að vernda þau börn sem þess þurfa og heppilegust þykja til að tryggja hagsmuni og velferð þeirra. Ennfremur með stuðningi við forsjáraðila við að gegna forsjárskyldum sínum og grípa til viðeigandi úrræða samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga þegar nauðsyn ber til.

Ofangreint er unnið í samræmi við *reglur um könnun og meðferð einstakra barnaverndarmála eða málaflokka hjá starfsmönnum fjölskyldunefndar Mosfellsbæjar* sem settar eru skv. 3. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

1. Almennar aðgerðir

a) Kynning á barnavernd til almennings

Á tímabilinu skal fara fram almenn kynning á barnavernd. Nýta ber vefmiðla og fréttablöð til að kynna barnaverndarlög og starf sveitarfélagsins að barnavernd. Þá skal einnig senda út auglýsingar er varða útivistarreglur barna, a.m.k. að vori og hausti.

Aðilar: deildarstjóri barnverndar-og ráðgjafardeildar og starfsmenn deildarinnar

Hvað: kynning á barnavernd til almennings

Hvenær: allt tímabilið

b) Kynning á barnavernd fyrir menntastofnanir í Mosfellsbæ

Þjóða öllum menntastofnunum í Mosfellsbæ upp á kynningu á barnaverndarlögum og starfi sveitarfélagsins að barnavernd. Sérstaklega skal kynna tilkynningarskyldu þeirra sem starfa með börnum. Þjóða skal upp á árlega fræðslu og öllum menntastofnunum send bréf þess efnis.

Aðilar: deildarstjóri barnaverndar-og ráðgjafardeildar og starfsmenn deildarinnar

Hvað: kynningar fyrir menntastofnanir

Hvenær: einu sinni á ári allt tímabilið

c) Endurmenntun starfsmanna og framþróun

Á tímabilinu verður unnið að innleiðingu *Signs of safety* (S&S) í störf barnaverndar m.a. með það að markmiði að efla samvinnu við foreldra og börn við vinnslu barnaverndarmála. S&S er hugmyndafræði sem byggir á öryggi, samvinnu og styrkjandi aðferðum. Aðferðin felur í sér breytingu á vinnulagi og vonast er eftir að könnun og meðferð barnaverndarmála verði markvissari.

Aðilar: deildarstjóri barnaverndar-og ráðgjafardeildar, starfsmenn deildarinnar og framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs

Hvað: endurmenntun starfsmanna, innleiðing S&S

Hvenær: allt tímabilið

2. Sérstækar aðgerðir

a) Samstarf við lögreglu

Reglubundnir samstarfsfundir með starfsmönnum barnaverndar og fulltrúa lögreglunnar. Markmið er að ræða sameiginleg málefni og vinnuferli þeirrs s.s. vegna heimilisofbeldis og skýrslutöku barna.

Aðilar: starfsmenn barnaverndar og lögreglu

Hvað: mánaðarlegir samstarfsfundir, fyrsta þriðjudag í mánuði

Hvenær: jan-maí, sep-des

b) Bæklingur fyrir foreldra og börn vegna vinnslu barnaverndarmála

Starfsmenn barnaverndar komi að hönnun og útgáfu bæklinga sem unnt er að afhenda foreldrum og eftir atvikum, börnum, við upphaf barnaverndarmála. Í bæklingum komi fram upplýsingar um barnaverndarlög, málsmeðferð auk annarra hagnýtra upplýsinga.

Aðilar: starfsmenn barnaverndar og framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs

Hvað: hönnun á bæklingi

Hvenær: útgáfa 2019

c) Koma að stofnun ráðgjafateymis í samvinnu við fræðsluvið Mosfellsbæjar

Starfsmenn barnaverndar komi að stofnun ráðgjafateymis í samvinnu við þroskaþjálfara á fjölskyldusviði sem og skólasálfræðinga fræðslusviðs. Um er að ræða þverfaglegt teymi sem veitir ráðgjöf til starfsmanna leik-og grunnskóla, foreldra og barna að undangenginni tilvísun.

Aðilar: starfsmenn barnaverndar-og ráðgjafardeildar, þroskaþjálfari á fjölskyldusviði og sálfræðingar á fræðslusviði.

Hvað: stofnun ráðgjafateymis fyrir leik-og grunnskóla.

Hvenær: gert er ráð fyrir að teymið taki til starfa á árinu 2019.

Samþykkt í fjölskyldunefnd 30. október 2018.

Samþykkt í bæjarstjórn 14. nóvember 2018.